

✉ Re: 2022110031 - umsagnarbeiðni vegna Mjólkárvirkjunar. Stækkun virkjunar og afhending grænnar orku

Búið til	22.2.2023 16:02:04
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	22.2.2023 16:02:03
Tilheyrir	📁 202301-0127 - Mjólkárvirkjun, stækkun og afhending grænna orku - umsögn

## Efni

Re: 2022110031 - umsagnarbeiðni vegna Mjólkárvirkjunar. Stækkun virkjunar og afhending grænnar orku

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	22.2.2023 16:02:03	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	helgathuridur@isafjordur.is, skipulag@isafjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202301-0127 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, dags. 30. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna áforma um stækkun Mjólkárvirkjunar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Megniefni aðalskipulagsbreytingarinnar er stækkun Mjólkárvirkjunar. Náttúrufræðistofnun telur það jákvætt að frekar sé hugað að stækkun vatnsaflsvirkjana sem fyrir eru frekar en að skipuleggja nýjar virkjanir. Þannig má beina umhverfisáhrifum að svæðum sem þegar eru röskuð og hlífa frekar ósnortinni náttúru sem í tilfelli hálandis Vestfjarða eru einkum óbyggð víðerni, vatnafar straum- og stöðuvatna, hálandisvötn og lífríki þeirra, lífríkis straumvatna og landslagsheildir. Svæðið sem verður fyrir áhrifum af stækkun Mjólkárvirkjunar er að stórum hluta þegar raskað.

Stækkunin er tilkynningarskyld framkvæmd. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að óskað verði eftir umsögn stofnunarinnar um þá fyrirspurn til matsskyldu, frá Skipulagsstofnun, þegar þar að kemur. Í skipulagslýsingunni er greint frá meginatriðum er varða stækkun virkjunarinnar. Stærsti nýi framkvæmdaþátturinn er tvöföldun stíflu við Tangavatn og gerð nýs aðkomuvegar að stöðvarhúsi við Hólmavatn. Þessu mun fylgja rask og töluverð efnisnotkun. Greint verður frá efnistökusvæðum í aðalskipulagsbreytingunni. Náttúrufræðistofnun leggur til að sú efnistaka fari fram á þegar röskuðum svæðum eins mikið og hægt er, og í það minnsta valdi ekki aukinni röskun á nálægum víðernum. Mikilvægt er að gert sé vandlega grein fyrir efnistökunni, frágangi og mótvægisáðgerðum. Jákvætt er að stækkun uppistöðulóns verður lítil.

Ekki er gerð athugasemd við áform um nýja afgreiðslustöð fyrir raforku en umfjöllun um stækkun bryggju er frekar rýr og t.d. kemur ekki fram hve umfangsmikil áformuð stækkun er og því erfitt að leggja mat á umhverfisáhrif af stækkuninni.

Áætlað umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar er vandað og ítarleg viðmið og vísar sem Náttúrufræðistofnun gerir einungis þá athugasemd við að ekki er minnst á óbyggð víðerni sem matsþátt.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Helga Puriður Magnúsdóttir" <helgathuridur@isafjordur.is>

**To:**

**CC:**

**Subject:** 2022110031 - umsagnarbeiðni vegna Mjólkárveikjunnar. Stækkun veikjunnar og afhending grænnar orku

**Date:** 30.1.2023 13:12:10

Góðan dag.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 19. janúar s.l. að skipulagslýsing vegna vegna áforma um stækkun Mjólkárveikjunnar og afhending grænnar orku, verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum 123/2010. Matslýsingin verði tekin til meðferðar í samræmi við VII. og VIII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Óskað er eftir umsögn við skipulagslýsinguna.

Umsögn óskast send á netfangið [skipulag@isafjordur.is](mailto:skipulag@isafjordur.is) (mailto:skipulag@isafjordur.is) eða bréfleiðis á Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, fyrir 22. febrúar 2023.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsfulltrúa



Helga Þuríður Magnúsdóttir  
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði  
Ísafjarðarbær

450 8000 (tel:+3544508000) - www.isafjordur.is

(<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.isafjordur.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C0bcccc424c3c4c5e7baf08db02c3957a%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638106811300767111%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=Tvm53M8hSg9XwGRPkx0c5G6fVKcA5SBCVQX7orAcMKU%3D&reserved=0>)

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.isafjordur.is%2Ffis%2Fmoya%2Fnews%2Fisafjardarbaer-hlytur-jafnlaunavottun&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C0bcccc424c3c4c5e7baf08db02c3957a%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638106811300767111%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=BWJU8ugyo7kfcVA%2Bw0MY%2Bd1vw0r5PVEFWqTKXZcu0Rk%3D&reserved=0>) og silfurvottun EarthCheck (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.isafjordur.is%2Ffis%2Fthjonusta%2Fumhverfi%2Fearthcheck&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C0bcccc424c3c4c5e7baf08db02c3957a%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638106811300767111%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=pdY9R2Ee5Epg6cyGjLW7eFrZHMIRnuWJOynEvKMoY4%3D&reserved=0>).

Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer. (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.isafjordur.is%2Ffis%2Fmoya%2Fpage%2Ffyrirvari-um-medferd-tolvuposts-sem-berst-fra-isafjardarbae&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C0bcccc424c3c4c5e7baf08db02c3957a%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638106811300767111%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=e8Ap7FD7yrSJF%2B0gzU1majPne6haajQpqqLXLaQ5F90%3D&reserved=0>)